

37. fundur hjá æskulýðs-og íþróttanefnd 15.mars 2010

Mættir eru:

Katrín Pálsdóttir, Eydís Eypórsdóttir, Margrét Ísleifsdóttir, Ingi B. Ingason

Eypór Arnar og Marteinn Óli mættu á fundinn og útskýrðu fyrir okkur hugmyndir sínar af hjólabraut. Hafa þeir hugsað sé braut við Skipavík og/eða upp við Rarik. Hugmyndin er moldarbraut með pöllum. Tók nefndin mjög vel í þetta framtak. Leggjum við það til að fulltrúi frá Stykkishólmsbæ skoði þessa staði með strákunum og útfæri hugmyndina í samvinnu við þá.

1. Skýrslur íþrótta-og tómstundafulltrúa Stykkishólmbæjar.

Það var Samfésball 5.mars,. Farið var með 9. og 10..bekk alls 26 nemendur. Gissur Arnarsson og Sigurður Már Eggertsson fóru með krökkunum og gekk það í alla staði mjög vel. Var þétt dagskrá allan daginn.

Krakkarnir í 5., 6. og 7. bekk eru með tafl og spilakvöld 16. mars, og svo verður videomarabon fyrir 8, 9 og 10 bekk næstu helgi. Eins hafa þau verið að „lana“ og hefur Gissur verið með þeim við það. Námskeið byrjar hjá Rögnu á næstunni.

4. mars var vígslan á Setrinu, góð mæting, smá sýning á handverki og fleira.

Hugmynd kom upp að kanna hug krakkanna til hvernig til tókst í vetur og hvað þykir vanta í sambandi við félagslífið.

2. Önnur mál

Sú hugmynd kom fram að sett verði upp frístundaskóli að sumri, sem væri samvinna allra deilda Snæfells og Stykkishólmsbæjar. Bland af íþróttum og annari afþreyingu. Óskum við að þessi hugmynd verði unnin í samvinnu við Íþrótta-og tómstundafulltrúa.

Sign

Katrín Pálsdóttir

Margrét Ísleifsdóttir